

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Hallormsstaður, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 20. ágúst 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingin nær til tveggja svæða austan þjóðveggar á Hallormsstað. Annars vegar blandað landbúnaðarsvæði og stofnanasvæði um 5,7 ha sem breytist í blandað svæði fyrir þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði og hins vegar blandað íbúðarsvæði og athafnasvæði um 3,1 ha sem breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. ágúst 2008.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 3. september 2008